

Skrifstofa innviða heilbrigðisþjónustu  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. maí 2023

## **Mál nr. 987/2023**

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins)**

BHM fagnar því að hámarksaldur heilbrigðisstarfsfólks hjá ríkinu verði samræmdur við aldurshámark þeirra sem reka eigin starfsstöðvar en minnir á þá kröfu bandalagsins að slík heimild verði veitt öllu starfsfólki hins opinbera. Það sé að auki í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrár. Þá er jákvætt að í nýjum frumvarpsdrögum hefur ábending BHM um að umrædd heimild eigi einnig að ná til þeirra sem starfa í stoðþjónustu og rannsóknnum en ekki aðeins þeirra sem starfa í beinni þjónustu við sjúklinga, eins og hópurinn var skilgreindur í fyrri drögum, verið tekin til greina. Hins vegar hefur krafa BHM um að skýrt sé tekið fram að viðkomandi heilbrigðisstofnanir beri ábyrgð á því að tryggja að réttindi starfsfólks sem kys að vinna lengur en til sjötugs séu íengu skert miðað við hvernig þau voru áður, svo sem með því að setja viðauka í ráðningarsamning þar sem tiltekin eru helstu atriði, ekki verið tekin til greina. Þá ítrekar BHM þá kröfu sína að greitt verði sérstakt eftirlaunaálag til þeirra sem ráðnir eru eftir sjötugt, enda er verið að óska eftir meira vinnuframlagi frá því starfsfólki en almennt gengur og gerist.

#### **Tryggja þarf lífeyrisréttindin**

Í umsögn BHM við fyrstu frumvarpsdrög í tengslum við þessar breytingar, sem var í samráðsgátt sumarið 2022, var bent á að huga þyrfti að lífeyrisréttindum þessa hóps og lagt til að til dæmis mætti það framlag sem venjulega fer til samtryggingar fara í séreignarsjóð. Því fögnuðu samtökin þegar, í öðrum drögum, var kveðið á um að heilbrigðisstarfsmaður sem ráðinn væri á grundvelli þessa ákvæðis ætti rétt á mótframlagi vinnuveitanda við eigið framlag í séreignasjóð

lífeyrisréttinda. Þetta ákvæði er hins vegar ekki að finna í þeim drögum sem nú eru í samráðsgátt og segir í greinargerð:

*Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmenn sem ráðnir verði á grundvelli ákvæðisins geti valið að safna viðbótarlífeyrissparnaði og að almennar reglur gildi um mótframlag vinnuveitanda. Um slíkar greiðslur fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007. Þarna er um að ræða möguleika fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að afla sér aukinna viðbótarlífeyrisréttinda með tilheyrandi mótframlagi vinnuveitanda. Eftir að skyldu til að greiða iðgjald til skyldutryggingar lífeyrisréttinda lýkur, t.d. vegna þess að starfsmaður nær 70 ára aldri, kann starfsmanni að vera heimilt að greiða hærra hlutfall í séreignarsjóð.*

### **BHM mótmælir harðlega þessari afgreiðslu málsins.**

Þegar kemur að launþegum þá miðast kerfið (lög, kjarasamningar, samþykktir lífeyrissjóða o.s.frv) að jafnaði við að þessi hópur sé á aldrinum 16-70 ára svo fyrirsjáanlegt er að ýmsir hnökrar geti komið upp þegar um er að ræða eldra starfsfólk. Æskilegt væri því ef löggjafinn væri sem skýrastur hvað varðar kjör og réttindi þess hóps. Minna skal á að miðað við núverandi kjarasamninga ber launagreiðanda að greiða 11,5% af heildarlaunum í mótframlag í samtryggingasjóð og að auki allt að 2% í séreignarsparnað. Það ákvæði á hins vegar ekki við um starfsfólk á aldrinum yfir 70 ára enda tekur LSR ekki við greiðslum í samtryggingarsjóði frá eldra fólki. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi gæti því launagreiðandi sparað sér sem nemur þessu mótframlagi í lífeyrissjóð með því að ráða til sín einstakling sem kominn er yfir sjötugt. Það er lágmarkskrafa að starfsfólk sem ákveður að vinna lengur í þágu heilbrigðiskerfis og þjóðar fái sams konar kjör og áður. **Því er það skýlaus krafa bandalagsins að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um að í stað þess að greiða mótframlag í skyldutryggingu beri launagreiðanda að greiða samsvarandi hlutfall af heildarlaunum, auk þess sem nemur séreignarframlaginu ef við á, ofan á launin ellegar inn í séreignarsjóð, í nánara samkomulagi við starfsmann.**

Að lokum vill BHM vara við mikilli bjartsýni um það að hve miklu leyti þessi breyting mun hafa áhrif á mönnun heilbrigðiskerfisins. Tímasetningin gæti líka haft þarna áhrif. Þessar stéttir vinna almennt undir miklu álagi en að auki eru þær nýbúnar að takast á við langvarandi stóralagstímabil svo búast má við meira brotthvarfi en verið hefur. Mönnunarvandinn, sem var ærinn fyrir, mun því fyrirsjáanlega aukast þrátt fyrir frumvarp þetta. Löngu er kominn tími á alvöru aðgerðir og þar

væri vænlegt til árangurs að bæta virðistmat þessara mikilvægu starfa og leiðrétta kjörin, bæta starfsumhverfi og fjölga möguleikum til náms- og starfsþjálfunar.

Virðingarfyllt,



---

Friðrik Jónsson, formaður BHM



---

Þóra Kristín Þórsdóttir,  
sérfræðingur í greiningum hjá BHM